

Fundur 13.5.2024 Von Dort, kona frá Sri Lanka var uppi á átjándu öld, snemma.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið. Velkomin.*

Kona er ég, og ættuð frá Sri Lanka.

*Já gaman að því.*

*Ert þú Tamíli ?*

Nei, ég er af litlum þjóðflokki, ættuð af norrænum ættum og Burgen þjóðflokki, og var ég uppi snemma á átjándu öld og er af fámennum þjóðflokki norrænna manna á Sri Lanka.

Og ég er af blönduðum uppruna en með nokkuð ljóst útlit, fremur dökka húð, blá augu og dökkt hár og fannst mér æfinlega merkilegt eftir að ég komst á lífstefnubrautina og þá skipti um í framlífi mínu, ég tilheyrði, ég átti erfiða æfi á fyrstu framlífs jörð minni og skipti svo um þegar lengra var komið og við fórum að halda hópinn og iðka menningu okkar.

Og varð fyrir aðkasti á fyrstu framlífs jörð minni og voru það margvíslegar ástæður, en við vorum þar í minni hluta og komst ég svo á framlífs hnött þar sem annað fólk var frá Indlandi og Afganistan og fleiri svæðum í austri, með okkar norræna útlit og uppruna.

Og hef ég farið á marga framlífs hnetti og alltaf lengra í lífstefnu áttina og áttum við í stríði um langt skeið til að öðlast sjáfstæði og krefjast réttinda okkar sem minnihluta hópur, en höfum við nú komist á lífstefnu brautina.

Og vil ég margt af því segja, hvernig forn menning Zarapústra trúarinnar og forn Írana hefur bjargað þjóð okkar og höfum við sagt skilið við menningu frumlífs jarðarinnar, austræn trúarbrögð og múslima, Islam.

Og er það mjög merkilegt hvernig Zarapústra trúin hafði áhrif á kristnina og hvernig þessir fornu þjóðflokkar geymdu menjar frá æfaforri tíð sem spilltust og urðu að trú sem kostaði mörg mannslíf, en ekki get ég farið nákvæmlega út í það í smáatriðum, en Asúra Masta og hinn mikli kærleikur sem heldur okkur saman.

Og frétti ég um það í fyrra framlífi mínu að ein þjóð á gamla hnettinum hefði uppgötvað þennan sannleika og þessi vísindi og það væru Íslendingar og var okkur sagt þar áður, að við enga þjóð á jörðinni væri hægt að tala öðru vísi en að þeir, öðru vísi en að jarðarbúarnir á gömlu jörðinni tækju okkur sem öndum, en gladdi það mig mjög að til væri hópur á Íslandi sem hefði uppgötvað þessi sannindi.

Og voru það mikil straumhvörf í lífi mínu þegar ég uppgötvaði þessi sannindi og losnaði út úr hringrás hefnda og baráttu fyrir betri félagslegri stöðu innan þjóðfélagsins.

Og við hættum að trúa því að við værum syndug og fórum að fyrirgefa okkur sjálfum, já ég upplifði ekki tuttugustu öldina sem framfara skeið og hefði gjarnan viljað hafa samband við aðra á jörðinni, en sem trúðu því að ég væri andi, en nú hefur það tekist og fagna ég því mjög.

Forfeður ykkar á jörðinni og við höfum í sambandsstöðvum okkar tekið á móti samböndum frá sömu Guðum og sköpuðu ykkur og sköpuðu okkur og voru það stórmerkilegar upplifanir og finn ég til skyldleika við ykkur og vil ég gjarnan að þjóðirnar haldi áfram á þeirri friðar braut sem ég hef lært á þessari jörð og tveimur þar á undan, en það er of flókið mál, en víða er barist eins og gerðist fyrir mig á minni æfi.

Ætla ég að segja nafn mitt en verð ég svo að kveðja, er ég af Hollenskum ættum og nafn mitt er Von Tort.

*Von Tort ?*

Já, Dort. Já Von Dort.

*Takk, má ég spyrja þig að einu ?*

Kona já.

*Er einhver skyldleiki á milli myrkursins hjá, í þessum trúarbrögðum, á milli Ahrimans og Jahve ?*

*Er þetta sami Guðinn eða eru þeir mjög skyldir í mykraverkum sínum ?*

Já þú ert nokkuð á réttri leið, en ég þori ekki, en þetta er mjög flókið mál og ég held að það yrði að hafa sérsakt samband um það, en ég þakka fyrir spurninguna og vonandi að það verði komið inn á þetta síðar.

En þetta er ekki alveg fjarri lagi.

*Já ég hlakka til.*

Takk fyrir og verið þið öll blessuð og sæl.

*Ert þú afkomandi Hollendinga sem settust að á Sri Lanka fyrir mörgum öldum ?*

Já já.

*Þakka þér fyrir.*

Verið þið sæl, takk fyrir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu blessuð.*